



# TIL KENNARA

Áður en þú hyggst leggja þetta námsefni fyrir nemendur þína er nauðsynlegt að þú sért búin(n) að skoða það vel og vitir hvað hér er að finna.

Námsefninu er skipt í nokkra kafla og var reynt að hafa þá í þægilegri röð til kennslu. Hins vegar má að sjálfsögðu fara fram og aftur í námsefninu eins og þig og nemendur þína lystir.

Kafli sem nefnist Fatahönnun fjallar um það hvernig fatahönnun fer fram og er ætlað að gefa nemendum skýra mynd af því hvað þeir muni fara í gegnum í fatahönnun sinni.

Kafli um vinnuferli sýnir svo vinnuferli frá hugmynd til afurðar. Hann er nákvæmari lýsing á því vinnuferli sem nemandinn þarf að fara í gegnum í vinnu sinni að verkefnum.

Kafli um verkefni er eins og nafnið gefur til kynna verkefni fyrir nemendur, honum fylgja einnig kennsluleiðbeiningar. Verkefnakafllinn byrjar á að lýsa því hvernig best er að vinna að hugmynd til fullunnins verks. Síðan koma hugmyndir að hinum ýmsu verkefnum sem hægt er að leiða nemendur í gegnum eða leyfa hverjum og einum að velja sér.

Kafli um íslenska hönnun gefur mynd af því hvernig fatahönnun er í Skandinavíu og á Íslandi.

Kafli um erlenda hönnuði inniheldur kynningu á nokkrum helstu fatahönnuðum heims.

Kafli um tískuna er ætlaður til þess að fræða nemendur örlítið um tískuheiminn og hvernig er hægt að nálgast hann.

Saga tískunnar er rakin í samnefndum kafla í mjög grófum dráttum á 20. öld og aðeins fram á 21. öldina. Nemendur geta svo lesið sér betur til í bókinni *Tíska* í þýðingu Fríðar Ólafsdóttur og ávallt er mikilvægt að hvetja nemendur til þess að leita sér upplýsinga á netinu.